



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Nóaborg

2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra.....	4
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023.....	7
3 Innra mat Skarkalagötu og Saltkráku (eldri deildir).....	10
4 Innra mat Sólbakka og Ólátagarðs (yngri deildir).....	11
5 Innra mat sérkennslu	12
6 Innra mat – fjöltyngd börn.....	15
7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	18
8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	18
9 Foreldrasamvinna	19
10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	20
11 Fylgigögn.....	25
11.1 Fylgiskjal 1 – Skóladagatal Nóaborgar á íslensku	25
11.2 Fylgiskjal 2 – Skóladagatal Nóaborgar á ensku.....	25
11.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	25
11.4 Fylgiskjal 4 – Skóladagatal Excel-skjal.....	25



Leiðarljós leikskólans

Leikum-Lærum-Njótum

Leikum: Í leikskólanum er lögð höfuðáhersla á leik barnanna.

Lærum: Í gegnum leikinn læra börn best og því er mikilvægt að hann sé alltaf í forgrunni.

Njótum: Það að njóta þess sem verið er að gera skilar meiri árangri á alla vegu og gildir það bæði um börn og starfsfólk.

Leikskólinn vinnur skv. aðalnámskrá leikskóla og Menntastefnu Reykjavíkurborgar en leggur sérstaka áherslu á að leika með stærðfræði og læsi.

Stærðfræði: Að örva formskynjun, rökhugsun, talna- og hugtakaskilning í gegnum leik.

Markmiðið er að börnin kynnist algengustu formunum og læri að þekkja þau. Yngstu börnin vinna með fá og einföld form, lögð er mikil áhersla á að leika með hugtakaskilning og tölustafir frá 1-5 eru sýnilegir og kynntir fyrir börnunum. Eftir því sem börnin verða eldri fjölgar formunum sem leikið er með auk þess sem leitað er leiða í gegnum leikinn til að vinna með talnaskilning barnanna. Notuð eru ýmis spil og leikir sem markvisst örva form-, talna- og hugtakaskilning barnanna. Dæmi um það eru teningaspil, minnisspil, bingó og ýmis samstæðuspil. Viðfangsefnin verða flóknari eftir því sem börnin eldast og má í því sambandi nefna að á yngstu deildinni þara börnin saman stór form á vegg á meðan börnin á þeirri elstu gera flóknar myndir úr lausum formum og fara í vettvangsferðir að taka ljósmyndir af formum í umhverfinu sem og skrá niður bók- og tölustafi sem á vegi þeirra verða. Talnaskilningur örvast í daglegu starfi barnanna. Tölustafir eru hafðir aðgengilegir börnunum og eru víða hengdir upp. Á öllum deildunum fá börnin að leika sér með lausa tölustafi af ýmsum stærðum. Spiluð eru teningaspil af ýmsum gerðum og farið í talnaleiki. Lögð er áhersla á yfir- og undirhugtök. Hugtökin eru kynnt hlutlægt fyrir börnunum á ýmsan hátt í gegnum leik áður en farið er að vinna með þau á huglægan hátt. Byrjað er að endurnýja það gríðarlega magn efnis sem til var í leikskólanum sem tengdist vinnu með stærðfræði en stærstur hluti þess var heimatilbúinn og mun það taka tíma að endurgera viðfangsefnin en sú vinna er tímafrek.

Læsi: Að hafa ritmál sýnilegt í leikskólanum og bjóða börnunum upp á fjölbreytt viðfangsefni sem tengjast læsi.

Ritmálið er haft sýnilegt börnunum víða í leikskólanum. Leikefni er merkt með heiti og í hillunum er staðurinn fyrir leikefnið merktur þannig að hver hlutur rati alltaf á sinn stað aftur. Börnin æfa sig í að skrifa nafnið sitt og á eldri deildunum fá börnin gjarnan skriffæri til að nota í ýmsum



hlutverkaleikjum. Boðið er upp á ýmis viðfangsefni þar sem unnið er með bók- og tölustafi. Í hópastarfi er m.a. unnið með ritmálið í gegnum vísur og ævintýri. Eins og í sambandi við stærðfræðina þá þurfti að henda nánast öllu leikefni sem til var í leikskólanum en smátt og smátt náum við að endurnýja það góða efni sem til var áður en myglan kom upp.

Lubbi finnur málbein er kennsluefni sem eflir hljóðkerfisvitund barnanna. Höfundar efnisins eru talmeinafræðingarnir Þóra Másdóttir og Eyrún Ísfold Gísladóttir. Unnið er með verkefnið á fjölbreyttan hátt á öllum deildum og geta áhugasamir kynnt sér efnið nánar hér:

<https://www.lubbi.is/index.php>

1 Greinargerð leikskólastjóra

Það verður bara að segjast eins og er að undanfarið ár hefur verið það þyngsta sem leikskólastjóri og starfsmannahópurinn hafa upplifað. Nokkrir starfsmenn eru með mjög langan starfsaldur í Nóaborg og leikskólastjóri er þar á meðal með yfir 20 ára reynslu sem leikskólastjóri. Eftir tveggja ára rask á leikskólastarfinu vegna verkfalla og covid greindist mygla í leikskólanum og þurftum við að yfirgefa húsnaðið frekar hratt, henda nánast öllu og fara í enn eitt óvissuástandið. Upphaflega var gert ráð fyrir því að lagfæringar tækju skamman tíma en þegar farið var að vinna í húsinu kom í ljós mun meiri mygla en mælst hafði og var nokkuð ljóst að mikil vinna væri framundan. Við byrjuðum á því að koma okkur fyrir í Háteigsskóla eftir flutninga þangað með opinn leikskóla, fullan af börnum. Aðstæður voru algjörlega ósættanlegar þótt starfsfólk skólans hafi gert allt sem í sínu valdi stóð til að gera okkur dvölina bærilega. Eðlilega er stór grunnskóli ekki hannaður fyrir leikskólabörn og bleiuskiptaaðstaðan var t.d. jógadýna ofan á skólaborði í rými þar sem starfsfólk geymdi sínar persónulegu eigur, auk þess sem að rýmið var geymsla fyrir umframborð og -stóla úr skólastofum. Deildum þurfti að skipta upp þannig að tvær og hálf deild voru í tveimur kennslustofum auk smá viðbótarrýmis í kjallara skólans og ein og hálf deild voru í tveimur lausum kennslustofum á skólalóðinni. Borðað var í matsal skólans þar sem hljóðvist var vægast sagt léleg. Starfsfólk reyndi sitt allra besta hvern einasta dag til að láta dagana ganga nokkurn veginn eðlilega en álagið var gríðarlegt. Við þurftum að fara aftur í Háteigsskóla að loknu sumarleyfi og vorum þar fram að setningu grunnskólans. Við fengum að loka einn dag til að flytja okkur á næsta stað sem var gamla Brákarborg. Þar var strax ljóst að börnin væru alltof mörg í alltof litlu rými og þurfti ein deild að vera í opnum matsal leikskólans þar sem mikill umgangur var í gegnum rýmið allan daginn enda kaffistofa, salerni starfsmanna og þvottahús ásamt munageymslum starfsmanna þar fyrir innan. Ný börn voru komin með dagsetningu og áttu að byrja þegar við fórum í Brákarborg en þau þurftu því miður að fá aðra dagsetningu þar sem ekki var möguleiki á að koma þeim þar fyrir í þessu þrönga húsnaði. Garðurinn í Brákarborg var stór og góður



og reyndum við að vera eins mikið og hægt var með börnin úti því inni var svo þröngt. Enn og aftur þurfti starfsfólk að taka á honum stóra sínum enda vinnuaðstæðurnar fyrir bæði börnin og starfsfólkið algjörlega ósættanlegar. Álagið var gríðarlegt þrátt fyrir að leikskólinn væri mannaður miðað við að vera fullnýttur af börnum. Þreyta og þirringur fór vaxandi í starfsmannahópnum og því var ákveðin tilhlökkun að fara næst í Safamýrarskóla þar sem rýmið virtist vera mun betra m.a. mjög stór íþróttasalur. Við skoðuðum húsnæðið og leist ágætlega á þótt garðurinn væri slæmur. Enn einu sinni þurfti að pakka leikskólanum niður í kassa og fara á enn einn staðinn. Þetta var í október og við því að flytja í þriðja sinn á fimm mánuðum. Okkur var sagt að við gætum tekið inn ný börn þar, húsnæðið væri það rúmt. Við gáfum því nýjum börnum dagsetningar og hófum aðlögun á meðan við vorum að taka upp úr kössum einu sinni enn. Þótt húsnæðið væri að mörgu leyti rúmt liðu ekki margir dagar þar til við komumst að því að hljóðvistin væri vægast sagt mjög léleg. Rými sem var innangengt úr salnum sem við ætluðum að nýta fyrir yngstu börnin var ónothæft vegna lélegrar hljóðvistar og hægt var að hafa mun færri börn í salnum af sömu ástæðu. Enn og aftur vorum við því í þeim sporum að vera með alltof mörg börn í alltof litlu rými. Álagið á starfsfólkið var gríðarlegt og bera fór á veikindum í starfsmannahópnum vegna þess. Óvissuástand einkenndi framkvæmdir í Nóaborg sem frestuðust ítrekað og jók það á þungt ástand í starfsmannahópnum. Þungt hljóð var í starfsmönnum sem sumir voru að þrotum komnir og íhuguðu að hætta störfum. Stjórnendur gerðu allt hvað þeir gátu til að létta undir en róðurinn var þungur. Ráðið var inn aukastarfsfólk til að minnka álagið, starfsfólk fékk aukafri, starfsfólk fékk greiddar álagsgreiðslur, haldin var starfsmannagleði og jólagleði o.m.fl. en það dugði skammt. Starfsfólkið á þó skilið gríðarlegt hrós því þótt álagið hafi verið gríðarlegt og mikil þreyta og bugun í gangi tókst því á undraverðan hátt að halda starfsemi nokkurn veginn í lagi og starfsmenn voru glaðir og kátir í öllum samskiptum við börnin og foreldrana. Desember rann upp og enn vorum við í Safamýrarskóla. Fljótlega fengum við þó þær upplýsingar að miðað væri við að klára Nóaborg fyrir jól og við gætum flutt inn á milli jóla og nýárs. Það voru góðar fréttir að fá því loks sást fyrir endann á þessu þunga ástandi. Leikskólastjóri fór fram á að leikskólinn yrði lokaður á milli jóla og nýárs svo hægt væri að flytja almennilega og klára að koma okkur fyrir „heima“ án þess að vera með fulla starfsemi samhliða flutningunum. Leyfi fékkst fyrir því og við þökkum fyrir það. Allir fóru því fullir tilhlökkunar inn í jólin enda voru starfsmenn búnir að skoða algjörlega endurnýjaða Nóaborg og leist vel á. Á milli jóla og nýárs var svo Safamýrarskóli kvaddur og við fluttum til baka í Nóaborg eftir sjö mánaða fjarveru þar sem við dvöldum á þremur misvondum stöðum. Við opnuðum svo „nýju“ Nóaborg strax eftir áramótin þótt eitt og annað væri ekki tilbúið. Garður leikskólans hafði samhliða framkvæmdum innanhúss verið tekinn í gegn að miklu leyti og voru börnin mjög ánægð. Þar sem það hafði þurft að henda nánast öllu náms- og leikefni þurfti að byrja endurnýjun á því. Mikið af námsefni leikskólans var heimagert og það tekur tíma að endurgera efni



sem unnið hefur verið síðustu 20 árin. Börn og starfsfólk voru ansi tætt í byrjun eftir alla þessa flutninga og mikill tími fór í að koma upp góðri rútínu. Það var ekki fyrr en við lok vorannar sem starfsfólk upplifði að við værum almennilega komin á gott ról og að við værum að ná því að verða Nóaborg eins og við höfum alltaf þekkt hana þar sem öllum líður vel, bæði börnum og starfsfólki. Enn er þó einhver vinna eftir í garði leikskólans og enn bíðum við eftir nýjum innihurðum en vitað hefur verið í rúmt ár að það þyrfti að skipta um þær. Við erum enn með þær gömlu sem eru skemmdar og búið að saga neðan af þeim sumum skemmdina. Við erum samt full tilhlökkunar og spennt fyrir komandi vetri enda margt skemmtilegt framundan hjá okkur. Ég vil enda þessa löngu samantekt um mygluástandið á því að þakka starfsfólki Nóaborgar fyrir að hafa þraukað þessa þungu mánuði þótt það hafi tekið mikinn toll af mörgum. Starfsmannahópurinn er einstakur og fyrir það er ég gríðarlega þakklát. Ég hlakka til að vinna með fólkinu mínu að spennandi verkefnum næsta vetur og er sannfærð um að með þennan flotta starfsmannahóp mér við hlið séu okkur allir vegir færir, leiðin liggur bara upp á við. Þá vil ég þakka foreldrahópnum fyrir að sýna þessum aðstæðum mikinn skilning og þolinmæði.

Nóaborg komandi vetur:

Við í Nóaborg verðum næstu tvö árin þátttakendur í Nordplus samstarfi með Eistlandi, Svíþjóð, Grænlandi og Litháen. Við ætlum að vinna spennandi verkefni með Barnasáttmálann og hlökkum við mikið til.

Næsta vetur ætlum við í starfinu að leggja höfuðáherslu á málörvun, læsi í víðum skilningi og vinna með íslenskuna. Við horfum til Menntastefnunnar og munum tengja þessa vinnu við þá þætti sem taldir eru upp þar: félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði. Yngri tvær deildirnar munu vera með flæði og mikla samvinnu sín í milli sem og eldri tvær deildirnar. Stjórnendateymið með sérkennslustjóra og talmeinafræðingi hefur hist nokkrum sinnum að undanfögnu og undirbúið vetrarstarfið og hlakka allir til að byrja af fullum krafti og fara bjartsýnir inn í komandi vetur.

Áfram verður unnið að innleiðingu Grænna skrefa auk þess sem haldið verður áfram með vinnu í tengslum við Regnbogavottun leikskólans.

Skóladagatalið var endurskoðað af starfsmönnum frá öllum deildum og er aðeins breytt frá því sem við höfum haft í mörg ár.

Fyrir covid gátu foreldrar komið við á kaffistofu starfsmanna, fengið sér kaffibolla og spjallað við þá sem voru á staðnum og voru þó nokkrir foreldrar sem nýttu sér þetta. Við ætlum að endurvekja þetta í því formi að á föstudagsmorgnum á milli kl. 8.15 og 9 verður boðið upp á kaffi og te og verða alltaf



einhverjir stjórnendur á staðnum. Við erum spennt að sjá hvernig þetta mun koma út og munum byrja á að bjóða upp á þetta fram að áramótum og endurskoða þetta þá.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Innra mat

Innra mat á leikskólastarfinu er gert á skipulagsdegi í júní. Starfsfólk leikskólans fór í námsferð til Danmerkur og Svíþjóðar í maí og voru tveir skipulags dagar teknir í það. Enginn skipulagsdagur var því í júní og því var ekki gert formlegt innra mat enda nær ómögulegt eftir þann vetur sem á undan gekk. Óformlegt mat fór þó fram í stjórnendahópnum, deildarfundum og í spjalli við starfsmenn sem voru almennt á þeirri skoðun að þeir vildu ekki upplifa annan vetur eins og við upplifðum síðasta skólaár. Ástandið er útlistað nákvæmlega í greinargerð leikskólastjóra hér framar í skjalinu. Allir hlakka þó til komandi skólaárs enda margt spennandi í bígerð í skólastarfinu sem og starfsmannamálum. Í umbótaáætlunum deildanna koma svo fram áherslur í starfinu sem verða metnar næsta vor.

Ytra mat


Starfsmenn tóku þátt í ánægjukönnun um miðjan desember þegar það var að þrotum komið eftir sjö mánaða flakk vegna myglu. Þegar könnunin fór fram var starfsfólk að pakka niður fyrir flutninga aftur í húsnæði Nóaborgar frá Safamýrarskóla. Niðurstaðan kom því ekki neinum á óvart en könnunin kom ekki vel út, mikið appelsínugult sem er varúðarmerki. Þegar niðurstöðurnar voru kynntar fyrir starfsfólki voru sumir þættir úr könnuninni alveg út úr korti við upplifun starfsmannanna og sum svörin voru miðuð við þáverandi húsnæði sem var Safamýrarskóli. Eins og ég hef fjallað um hér á undan þá voru aðstæður starfsfólks óviðunandi í sjö mánuði og álagið gríðarlegt. Það sem kom þó jákvætt úr könnuninni var að mikið traust ríkir í starfsmannahópnum og er það gríðarlega mikilvægt þegar vinna er farin í gang við að gera leikskólann Nóaborg aftur að þeim frábæra vinnustað sem hann hefur verið. Það má velta því fyrir sér hver tilgangur sé með því að framkvæma ánægjukönnun við þær aðstæður sem starfsfólk Nóaborgar var í sem og starfsfólk annarra leikskóla í svipaðri stöðu. Engu að síður ber að taka niðurstöðunum alvarlega og vinna út frá þeim.



Umbóta- og framkvæmdaáætlun fyrir komandi vetur.

Stjórnendateymi Nóaborgar hefur verið á vorönn í teymisþjálfun hjá Sylvíu Guðmundsdóttur, Mark- og teymisþjálfara hjá fyrirtækinu Styrkleikar og stefna og mun sú vinna halda áfram á haustmánuðum. Markmiðið er að þetta raðir teymisins sem vonandi skilar sér í betra starfi. Þá er Sylvía að fara að prufukeyra efni sem tengist teymisþjálfun starfsmannahópa og mun hún prufukeyra það í starfsmannahópi Nóaborgar næsta vetur. Sú vinna felst m.a. í sér vinnustofu, greiningarvinnu, teymisþjálfun og er unnið út frá fræðum markþjálfunar, mannauðsstjórnar og jákvæðrar sálfræði. Áherslan er á vellíðan í vinnu, sálrænt öryggi og samvinnu. Yfirheiti þessarar vinnu er *Vellíðan á vinnustað*. Við teljum að þessi vinna muni skila sér í sterkum og samheldnum starfsmannahópi eins og við höfum alltaf þekkt og við hlökkum til að komast á þann stað aftur. Sylvía mun koma á skipulagsdaga og það er kærkomið tækifæri að fá hana til liðs við okkur í þeirri vinnu að endurheimta starfsánægjuna. Árangurinn ætti svo að sjást að einhverju leyti strax í næstu starfsmannakönnun sem væntanlega verður í lok þessa árs eins og á síðasta ári.

Ánægjukönnun foreldra var gerð á vorönn og eru niðurstöðurnar mjög góðar, nánast allt á grænu sem er ánægjulegt miðað við stöðu leikskólans síðasta vetur. Heildarskor er nokkurn veginn á pari við ánægjuna almennt í borginni eða um 4,5 af 5 mögulegum. Það vekur sérstaka gleði okkar að hæsta skorið okkar var „*Vingjarnlegt andrúmsloft*“ en niðurstaðan var þar 4,69 af 5 mögulegum. Þetta er þáttur sem við leggjum mikla áherslu á og erum þakklát fyrir að það er að skila sér. Þrennt er appelsínugult og er það almenn niðurstaða yfir alla Reykjavík.



Appelsínugult:



- Ég get fengið ráð um uppeldi, heilsu, samskipti eða annað sem snertir barnið mitt í leikskólanum.
- Leikskólinn leitar til foreldra eftir tillögum og hugmyndum.
- Ég þekki stefnu/áherslur og gildi leikskólans.

Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

1. Í Nóaborg eru 74 börn en 44 foreldrar tóku þátt í könnuninni. Nokkrir systkinahópar eru í leikskólanum auk þess sem að í foreldrahópnum eru foreldrar sem tala ekki þau tungumál sem boðið er upp á í könnuninni. Leikskólastjóri mun hvetja foreldra til að taka þátt í næstu könnun og leita leiða til að finna lausnir þegar um tungumálavanda er að ræða.
2. Stefnan er tekin á að fá enn betri niðurstöður úr næstu könnun og ber leikskólastjóri ábyrgð á að koma því ferli í gang. Vinna er á lokametrum við nýja skólanámskrá sem áætlað er að verði tilbúin næsta sumar. Áhugasömum foreldrum verður boðið á flæðisfund í vetur þar sem fengnar verða hugmyndir foreldra inn í nýja skólanámskrá og unnið verður út frá Menntastefnunni. Leikskólastjóri mun á foreldrafundi í september fara yfir gildi og stefnu leikskólans. Stutt samantekt verður aðgengileg einnig bæði á íslensku og ensku.
3. Deildarstjórar bjóða upp á stutt foreldraviðtöl á haustin til að fara yfir hvernig aðlögun hefur gengið o.fl. Ein af appelsínugulu niðurstöðunum var sú að foreldrar telja sig ekki fá ráð varðandi uppeldi og annað sem snertir barnið þeirra í leikskólanum. Deildarstjórar munu fara yfir þetta í foreldraviðtölum m.t.t. leiða til úrbóta. Deildarstjórar eru með viðtalstíma vikulega auk þess sem gott aðgengi er að leikskólastjóra, sérkennslustjóra og talmeinafræðingi.
4. Ákveðið hefur verið að prófa að bjóða upp á foreldrakynningu fyrir enskumælandi foreldra og verður sá fundur í september.
5. Kaffimorgnar sem byrja um miðjan september og verða vikulega eru hugsaðir fyrir foreldra til að setjast niður smástund í upphafi dags, spjalla saman yfir kaffibolla með stjórnanda/stjórnendum og ræða eitt og annað sem tengist leikskólanum. Þetta er tilraunaverkefni og verður til að byrja með fram að áramótum. Takist vel til getur þetta aukið gott samstarf foreldra og leikskóla.



3 Innra mat Skarkalagötu og Saltkráku (eldri deildir)

Vegna aðstæðna síðasta vetur ákváðu deildirnar að vinna sameiginlega að úrbótum fyrir komandi vetur. Fyrirhugað er mikið samstarf á milli deildanna en það byrjaði á mygluflakkinu þegar deildirnar þurftu að sameinast að hluta.

	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Þemu	Að þema kvikni út frá áhuga barnanna	Hlusta á börnin og leyfa þeim að taka þátt í ákvörðunum	Deildarstjórar	Þegar formlegt starf hefst/ September 2023	Mái 2024	Leyfa börnum að kjósa og meta sjálf og nota þar til gerð matsblöð	Að börnin njóti sín og starfsfólk þrói með sér lýðræðisleg vinnubrögð
Leikur	Auka flæði	Meiri samvinna milli deilda og starfsfólk leiki meira með börnunum	Deildarstjórar	Þegar formlegt starf hefst/ September 2023	Mái 2024	Starfsfólk noti einfaldar skráningar og þær ræddar á deildarfundum og möguleikar til breytinga skoðaðir reglulega	Að starfsfólk læri betur að taka þátt í leik án þess þó að taka hann yfir
Deildarfundir	Festa deildarfund á 2 vikna fresti	Eykur samtal og samvinnu, auk þess deilum við betur upplýsingum um hvert barn og þess styrkleika	Deildarstjórar	Þegar formlegt starf hefst/ September 2023	Mái 2024	Metið í aukinni ánægju barna og starfsfólk	Jákvæðari skólabragur



4 Innra mat Sólbakka og Ólátagarðs (yngri deildir).

	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Leikur barna	Starfsfólk taki virkari þátt í leik barnanna	Fræðsla til starfsfólks um mikilvægi þess að starfsfólk taki þátt í leik barna	Deildarstjórar	Þegar formlegt starf hefst/ September 2023	Maí 2024	Farið yfir stöðuna á deildarfundum nokkrum sinnum yfir veturinn. Deildarstjóri skráir stöðuna hverju sinni og fylgir aðgerðum áfram	Starfsfólkið er virkara í að vera með og aðstoða börnin í leik sem svo skilar sér í betri leik barnanna sem og félagsfærni
Þemavinna	Vinna með færri þemu	Unnið verður með færri þemu og hvert í lengri tíma. Styrkleikar starfsmanna nýttir í þemavinnuna	Deildarstjórar	Þegar formlegt starf hefst/ September 2023	Maí 2024	Starfsfólk noti einfaldar skráningar og þær ræddar á deildarfundum. Notuð einföld matsblöð til að meta hvert þema.	Að börn og starfsfólk njóti sín betur í þemavinnu
Deildarfundir	Festa deildarfund á 2 vikna fresti	Eykur samtal og samvinnu, auk aukins upplýsingaflæðis á milli starfsmanna um börnin á deildunum	Deildarstjórar	Þegar formlegt starf hefst/ September 2023	Maí 2024	Metið í aukinni ánægju barna og starfsfólk	Jákvæðari skólabragur



5 Innra mat sérkennslu

Mat og skipulag sérkennslu 2022-2023

Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar?

Vegna ítrekaðra flutninga vegna myglu í húsnæði Nóaborgar var mikil áskorun að skipuleggja stuðning. Reynt var eftir fremsta megni að halda rútínu í kringum stuðning en það kom oft fyrir að það gekk ekki upp m.a. vegna þess að leikskólinn var á þremur mislélegum stöðum frá júní 2022 til áramóta. Fyrstu mánuðir 2023 fóru svo í að aðlagast Nóaborg að nýju og var það fyrst í maí sem starfsfólk taldi sig komið í góðan gír með starfið í leikskólanum.

Stuðningstímar voru skipulagðir á fjölbreyttan hátt. Í vissum tilfellum var nauðsynlegt að stuðningur fylgdi einu barni. Í öðrum tilfellum var stuðningur nýttur á deildum til að styðja við börnin í leik, í málörvunarstundum eða stundum með öðrum áherslum, t.d. þjálfun fínhyfinga, félagsþjálfun, við að styrkja sjálfstraust o.s.frv.

Reynt var eftir bestu getu að laga umhverfi og starf að þörfum þeirra barna sem á þurftu að halda. Sífelldar breytingar frá maí og fram að áramótum reyndust mörgum börnum erfiðar og ýttu undir vanda þeirra, á meðan önnur virtust vaxa við áskorunina.

Flókið reyndist á köflum að skipta börnunum upp til að fækka árekstrum og unnið var nánar með ákveðna nemendur, bæði í hóp og einstaklingsaðstæðum.

Í samverustundum, matartíma og hvíld þurfti að hafa stíft skipulag og ákveðin börn þurftu manninn með sér ef vel átti að vera. Farið var nákvæmlega ofan í hverja stund dagsins og reynt var að laga þær að þörfum hópsins og einstaklinga.

Áskoranir í barnahóp Nóaborgar voru mjög margar þetta skólaár. Að hluta til vegna undirliggjandi þátta og að hluta til vegna þessara krefjandi aðstæðna sem leikskólinn var í.

Nokkur börn eru í Nóaborg sem glíma við afleiðingar áfalla af mismunandi ástæðum. Enn meiri áhersla var lögð á að kennarar notuðu jákvæð og hvetjandi samskipti við börnin, settu skýr mörk og sýndu mikla hlýju. Erfiðara reyndist að halda rútínu fyrir þennan hóp barna og veturinn reyndist sumum þeirra mun erfiðari en veturinn á undan.

Ýmiss konar ráðgjöf var veitt til foreldra bæði að frumkvæði leikskólans og að beiðni foreldra. Ýmsir komu að ráðgjöfinni, þ.á.m. sérkennslustjóri, hegðunarráðgjafi og sálfræðingur. Talmeinafræðingur kom einnig að málum nokkurra barna og veitti ráðgjöf bæði fyrir foreldra og kennara.

Talmeinafræðingur deildi með foreldrum orðaforða- og Lubba námsefni sem þeir gátu nýtt sér heima. Í samtölum við foreldra hefur komið í ljós að námsefnið skilaði góðum árangri.



Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl?

Stuðningsaðilar skráðu hegðun og framfarir eftir hóp- og einstaklingsstundir eftir bestu getu.

Stuðningsaðilar skráðu skriflega en einnig með ljósmyndum og myndböndum. Talmeinafræðingur skráði nótur.

Sérkennslustjóri skráði teymisfundi, samtöl við foreldra, stuðningsaðila, talmeinafræðing og aðra ráðgjafa eftir þörfum.

Skráð var í AHA hegðunarlista hegðun nokkurra barna.

Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.

Talmeinafræðingur Nóaborgar lagði HLJÓM-2 fyrir elsta árganginn. AEPS-listinn var notaður fyrir þrjú börn. Deildarstjóri yngstu deildar fyllti út í TRAS fyrir sína deild. Aðrir hafa ekki réttindi til að leggja það fyrir eins og er. Nokkrir foreldrar fylltu út í Smábarnalistann, Íslenska þroskalistann og/eða Orðaskil.

Hvaða námsefni var notað? Voru t.d. notuð aðkeypt námsgögn?

Leikskólinn þurfti að henda nánast öllu því námsefni sem til var í Nóaborg og hefur verið notað í sérkennslunni. Á fyrri hluta skólaársins var því lítið af námsefni til. Þegar líða fór að áramótum var hægt að endurnýja sumt en 20 ár af heimagerðu efni fóru í ruslið og taka mun tíma að endurgera það. Lubbaefnið var nýtt á deildum og í sérkennslu. Stuðningur hafði því lítinn aðgang að því námsefni sem venjulega er aðgengilegt, eins og Ljáðu mér eyra, Leggðu við hlustir, Tölum saman, Orðagull, Lærum og leikum með hljóðin og margt fleira. Ýmis öpp voru notuð og má þar nefna öpp með ofantöldu efni, Bitsboard, Puppet Pals og fleira.

Öllum bókum var hent og nánast öllum myndrænum stundaskrá, leiðbeinandi spjöldum o.s.frv.. Eitthvað náðist að búa til aftur, en enn er langt í land.

Eftir að flutt var til baka í nýja og fína Nóaborg hófst mikið uppbyggingarstarf og það var mikill léttir fyrir alla að komast „upp úr ferðatöskunni“ og geta komist í rútínu aftur.



Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Betri Borg fyrir Börn BBB	Innleiða vinnulag eftir leiðum verkefnisins BBB.	Skipa lausnateymi, tímasetja reglulega lausnateymisfundir og fara yfir þau mál sem upp koma.	Sérkennslustjóri, leikskólastjóri, deildarstjórnar	September 2023	Vorið 2025	Metið vorið 2024 og vorið 2025	Starfsfólk þekkir hefur aðlagast vinnubrögðunum vel.
Endurnýjun og endurgerð námsgagna	Halda áfram að endurnýja þau námsgögn og hjálpartæki sem töpuðust vegna myglunnar.	Samvinnuverkefni sérkennslustjóra, leikskólastjóra, sérstuðningskennara, deildarstjóra, talmeinafræðings og annars starfsfólks um að endurnýja ómissandi námsgögn sem þurfti að henda, s.s. myndrænar stundaskrár, myndrænar leiðbeiningar, málörvunargögn fyrir deildir, spil o.m.fl.	Sérkennslustjóri, leikskólastjóri, stuðningsteymi, deildarstjórnar og aðrir starfsmenn.	Er hafið.	Komandi vetur nýttur vel og margt verði endurnýjað næsta vor. en verkefninu lýkur í raun aldrei.	Staðan tekin vorið 2024	Hægt er að ganga að nauðsynlegustu gögnum sem þarf til sérkennslu. M.a. myndrænar stundaskrár, leiðbeinandi myndir og fleira.

6 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?

Fjármagnið er aðallega nýtt í laun talmeinafræðings sem sinnir málörvun þeirra fjöltyngdu barna sem þurfa mest á þjálfun að halda, sinnir ráðgjöf um málörvun á deildum, ráðgjöf við foreldra og fleira.

Á yngri deildum vinnur talmeinafræðingur mest með því að spjalla, leika og spila einföld spil við börnin með áherslu á grunnorðaforða. Á eldri deildum fá börnin málörvunarstundir þar sem unnið er með dýpri orðaforða, málfræði, hlustun o.s.frv. auk þess sem þau börn sem á þurfa að halda fá aðstoð með framburð.

Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?

Notuð er myndræn stundaskrá á öllum deildum til að auka öryggi barnanna í umhverfinu og skilning á daglegu skipulagi. Leiðbeinandi myndir hanga á veggjum og kennarar nota myndir til að hjálpa börnunum að átta sig á aðstæðum.

Kennarar eru m.a. hvattir til að setja orð á athafnir í öllu starfi, sýna myndir til að styðja málið þegar hægt er. Bókum er t.d. varpað á vegg (bókabíó) svo allir sjái vel þegar lesið er og það fjölgar tækifærum til að benda á myndir og útskýra orð.

Boðið er upp á fjölbreytt spil sem börnin geta spilað með kennara og/eða með öðrum börnum.

Talmeinafræðingur vinnur einnig markvisst með fjöltyngdum börnum að því að styrkja grunnorðaforða og dýpka orðaforða einstaklingslega og í minni hópum.

Við höfum notað Gefðu 10 með fjöltyngdum börnum og öðrum sem við teljum þurfa á því að halda og tryggjum þannig að þau fái að lágmarki 30-50 mínútur (fer eftir fjölda kennara á deild) á dag í einstaklings samtöl við kennara. Til að byrja með er gott að vinna með grunnorðaforða en eftir því sem barninu fer fram er auðvelt að dýpka orðaforðann í þessum samtölum.

Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?

Kennarar hlusta vel á það sem börnin segja og endurtaka leiðrétt og bæta fleiri orðum í setninguna. Á öllum deildum eru A4 spjöld með myndum af orðum í hæð barnanna sem kennarar leggja áherslu á í ákveðinn tíma

í einu. Orðaforði með Lubba, virkur lestur, söngur, börnin skoða bækur með kennara og/eða öðrum börnum, Bitsboard vinna með orðflokka, fjölbreytt orðaforðaspil, samtöl, sett orð á athafnir, endurtekið leiðrétt, samtöl o.s.frv.

Farið er yfir orð í textum laga og orðin útskýrð. Myndir eru sýndar eða teiknaðar til útskýringar. Sama á við í lestri bóka. Notaðar eru loðtöflusögur, bókabíó (myndum úr bókunum varpað á tjald) o.fl. til að gera orðaforðann sýnilegri og efla þannig skilning barnanna.

Er fylgst með framförum fjöltýngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?

Kennarar taka stöðuna með samtölum reglulega. Talmeinafræðingur skráir hjá sér nótur og heldur þannig utan um framfarir.

Almennt hefur ekki hefur tekist að nota ákveðin matstæki til að meta framfarir fjöltýngdra barna. Samtöl kennara, deildarstjóra, talmeinafræðings og sérkennslustjóra þar sem farið er yfir stöðu barnanna hafa verið skráð og áætlanir verið byggðar á þeim. Í sumum tilfellum eru tekin upp málsýni. Í elsta árgangi hefur fyrirlögn HLJÓM-2 gefið mjög góða mynd af stöðu einstaka barna í elsta árgangi. Fyrirlögnin er tekin upp og þannig fást margþættar upplýsingar um stöðu einstakra barna.

Talmeinafræðingur hefur í nokkrum tilfellum lagt fyrir Málhljóðapróf ÞM auk þess sem hann tekur stundum málsýni.



Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.

Á deildum er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna. Kennarar nálgast börnin á þeim stað sem þau eru í málinu og bæta smátt og smátt við. Börnin fá tækifæri til að vaxa og styrkjast í notkun tungumálsins, styrkleikar þeirra og áhugamál fá pláss og þau fá tækifæri og aðstoð við að tjá sig og vera virkir þátttakendur í starfi deildanna. Öll börnin taka m.a. þátt í verkefninu Barn vikunnar þar sem þau fá t.d. meiri sérstöðu, fá viðbótar hlutverk á deildinni. Þau taka myndir í leikskólanum og heima og kynna fyrir hinum börnunum. Með þessum hætti ná þau að deila með félögum sínum heimameningu, jafnvel þó þau sem enn eiga erfitt með að tjá sig á íslensku.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Íslenskunám fjöltyngdra barna	Nákvæmari markmið fyrir íslenskunám fjöltyngdra barna.	Gerð áætlun fyrir allan leikskólann þar sem sérstök áhersla verður á fjölbreytta málörvun.	Deildarstjórar, talmeinafræðingur og sérkennslustjóri í byrjun og svo allt starfsfólk.	September 2023	Vorið 2024	Hæfniráttar verða notaðir til að meta árangur að hausti og vori.	Framfarir sjáist á milli skráninga

7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Mörg óformleg samtöl voru við starfsfólk á meðan við vorum á mygluflakki en eftir að við komum til baka voru tekin snerpusamtöl við flesta starfsmenn. Tekin verða tvö slík við hvern starfsmann á komandi vetri.

Þrátt fyrir þungt ástand síðasta skólaár náðum við að fá nokkra fræðslu inn í leikskólann. Seinni hluti námskeiðs um Regnbogavottun Reykjavíkurborgar var 2. september í Brákarborg og að því loknu varð Nóaborg formlega Regnbogavottaður leikskóli. Arna Steinsen frá Kvan kom til okkar í Safamýrarskóla í október og fjallaði um jákvæð samskipti. Margir starfsmenn leikskólans hafa fengið Lubba námskeið og einn til viðbótar sótti slíkt námskeið síðasta vetur. Sá starfsmaður ásamt talmeinafræðingi leikskólans mun halda utan um allt Lubbastarf komandi vetur. Nokkrir starfsmenn sóttu sértæk námskeið í tengslum við börn með sérþarfir. Mikill meirihluti starfsmanna fór svo í námsferð til Danmerkur og Svíþjóðar í maí 2023. Í Kaupmannahöfn skoðuðum við söfnin Planetarium sem er geimvísindasafn og Experimentarium sem er vísindasafn fyrir börn. Í Malmö heimsóttum við tvo leikskóla í hverfinu Rosengård en þar eru nánast öll börnin með annað móðurmál en sænsku. Við fengum í leikskólunum góða kynningu á starfi með fjölyngd börn og komum með hugmyndir til baka sem við munum nýta okkur í Nóaborg.

8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Leikskólarnir Klambrar, Stakkaborg og Nóaborg hafa í mörg ár verið í samstarfi við Háteigsskóla og þá sérstaklega kennara og nemendur 1. bekkjar. Markmiðið er að brúa bilið á milli leik- og grunnskóla og hittast elstu börnin í leikskólunum og 1. bekkur í Háteigsskóla talsvert yfir veturinn. Hópurinn hittist oft allur saman á Klambratúni að hausti og vori og svo eru gagnkvæmar heimsóknir á milli þeirra allan veturinn. Háteigsskóli býður börnunum að vera eina kennslustund með 1. bekk, þau fá að heimsækja íþróttahúsið, bókasafnið og er boðið á jólaskemmtun auk samveru á sal. Hver leikskóli heimsækir svo 1. bekk og 1. bekkur kemur í heimsókn í hvern leikskóla. Í gegnum þetta frábæra verkefni kynnast elstu börn leikskólanna þriggja hvert öðru og þekkjast því aðeins þegar þau svo hittast í 1. bekk í Háteigsskóla. Þá þekkjast þau einnig börnin sem eru þá komin í 2. bekk. Börnin heimsækja einnig frístundaheimili Háteigsskóla og fá að kynnast húsinu og starfinu þar. Þetta samstarfsverkefni sem ber heitið Skilaboðaskjóðan byrjaði sem þróunarverkefni á sínum tíma og hlaut að því loknu Hvatningarverðlaun Leikskólaráðs. Það er frábært að samstarfið hefur haldið áfram og þróast. Nákvæm tímasetning heimsóknanna er ekki tilbúin en hún er nokkurn veginn eins hvern vetur. Undanfarin 14 ár hefur einn starfsmaður Nóaborgar fylgt börnunum sem fara í Háteigsskóla og er með þeim fyrstu skóladaðana. Mikil ánægja er með þetta verkefni hjá börnum, foreldrum og kennurum 1. bekkjar.

Flest börn Nóaborgar fara í Háteigsskóla og má segja að þau hafi fengið mjög góða aðlögun að skólanum með veru leikskólans í skólanum frá júníbyrjun og fram að grunnskólabyrjun með orlofshléi. Börnin kynntust vel skólahúsnæðinu, matsalnum, skólalóðinni og sumu starfsfólki.

9 Foreldrasamvinna

Í Nóaborg leggjum við mjög mikla áherslu á gott foreldrasamstarf, að foreldrunum líði vel með leikskólann og finnist þau örugg með börnin hjá okkur. Stjórnendur eru alltaf til taks ef þarf og eru foreldrar hvattir til að hafa strax samband ef áhyggjur vakna. Foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann til að fylgjast með starfinu hafi þeir tíma og áhuga. Fjórir fulltrúar foreldra auk leikskólastjóra skipuðu foreldraráð leikskólans síðasta vetur en skv. lögum skulu að lágmarki þrír foreldrar auk leikskólastjóra sitja í ráðinu. Kosið er í foreldraráð á foreldrafundi í september. Þeir sem hafa áhuga á að starfa í foreldraráði gefa kost á sér til starfa og ef þörf þykir skal kosið á foreldrafundi á milli þeirra sem bjóða sig fram. Foreldraráðið skiptir hlutverkum á milli sín; formaður, ritari og meðstjórnandi. Hópurinn hittist nokkrum sinnum yfir veturinn til að ræða mál er snerta leikskólanum. Þá gefur foreldraráð umsögn um starfsáætlun og skólanámskrá en skólanámskráin er í vinnslu og verður vonandi kláruð á komandi vetri. Þá eru ýmsar breytingar á starfinu gerðar í samráði við foreldraráðið. Foreldrafundur fyrir alla foreldra er haldinn í september og er hann jafnframt aðalfundur foreldrafélagsins. Á þessum fundi er kosið nýtt foreldraráð, ný stjórn foreldrafélagsins og vetrarstarf hverrar deildar er kynnt. Foreldrum er boðið upp á stutt viðtöl að hausti, fljótlega eftir að barnið byrjar í leikskólanum eða flyst á milli deilda. Lengri viðtöl eru í febrúar/mars þar sem farið er yfir ýmsa þætti er varða börnin og veru þeirra í leikskólanum. Deildarstjórar bjóða svo upp á viðtalstíma eftir þörfum allan veturinn óski foreldrar eftir því.

Foreldrafélagið Örkin hans Nóa er starfrækt við leikskólann og í stjórn félagsins eru a.m.k. 2-3 foreldrar af hverri deild. Allir áhugasamir foreldrar eru þó velkomnir að starfa með stjórninni. Stjórnin hefur formann, ritara, gjaldkera og meðstjórnendur. Starfsmaður er fulltrúi leikskólans í stjórninni sem hittist reglulega yfir veturinn. Foreldrar greiða tvisvar á ári í sérstakan sjóð og er sá peningur notaður í ýmsar upptökur o.fl. sem foreldrafélagið skipuleggur eða tekur þátt í. Má þar helst nefna tónlistarnámskeið, dansnámskeið, ljósmyndatöku, sjóræningjahátíð, jólasveina og gjafir á jólaball, hluta í sveita- eða fjöruferð og hluta kostnaðar við útskriftarferð elstu barnanna.



10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar veturinn 2023-2024

1. september

2. október (Starfsdagur á yngsta og miðstigi í Háteigsskóla)

1. desember

2. janúar (Starfsdagur í Háteigsskóla)

6. febrúar (Dagur leikskólans)

17. maí (Sameiginlegur starfsdagur leik- og grunnskóla í Reykjavík – Menntastefnumót)

Sumarlokun 2024: 10.07. til og með 07.08.



Fylgiskjal 1 - Leikskóladagatal 2023-2024

September

1. Skipulagsdagur - Leikskólinn lokaður
8. Dagur læsis (spiladagur, spiluð spil sem tengjast læsi)
11. Formlegt vetrarstarf hefst
13. Foreldravöld. Kynning á vetrarstarfi hvernar deildar - Aðalfundur foreldrafélagsins - Erindi sérkennslustjóra og talmeinafræðings um máltöku og málþroska barna
15. Útíhreyfidagur
20. Kynning á vetrarstarfi fyrir enskumælandi foreldra. Kynningin fer fram á milli kl. 8.30 og 9
22. **Grænn dagur** – Börn og starfsfólk klæðast/skreyta sig einhverju grænu eða með grænu í og við leikum okkur með græna litinn

Október

Deildarstjórar bjóða upp á stutt foreldraviðtöl í þessum mánuði til að fara yfir aðlögun og líðan barnanna

2. Skipulagsdagur – Leikskólinn lokaður
6. Hreyfidagur
13. **Bleikur dagur** - Börn og starfsfólk klæðast/skreyta sig einhverju bleiku eða með bleiku í og við leikum okkur með bleika litinn
20. Formadagur- leikið með form á fjölbreyttan hátt
27. Alþjóðlegi bangsadagurinn – Náttfatadagur, ball í salnum og börnin mega koma með bangsa að heiman
31. Hrekkjavökugaman

Nóvember

3. Hreyfidagur
16. Dagur íslenskrar tungu – Leikið með þulur
17. Aðstandendakaffi á milli kl. 15 og 16. Við bjóðum afa/ömmu, ættingjum/vinum eða öðrum sem tengjast barninu. Hámark 2-4 með hverju barni. Boðið verður upp á kaffi/safa og kleinur
24. Mælingadagur - Mælum eitt og annað í leikskólanum

Desember

1. Skipulagsdagur – Leikskólinn lokaður
4. Piparkökubakstur- Sólbakki
5. Piparkökubakstur-Ólátagarður
6. Piparkökubakstur-Saltkráka
7. Piparkökubakstur-Skarkalagata
13. Afmæli Nóaborgar
14. **Rauður dagur** - Jólamat (hangikjöt og meðlæti) - Börn og starfsfólk klæðast/skreyta sig einhverju rauðu eða með rauðu í og við leikum okkur með rauða litinn
20. Jólball í leikskólanum fyrir hádegi. Sólbakki og Ólátagarður eru saman og Saltkráka og Skarkalagata þar á eftir
20. Foreldrum boðið í piparkökur og heitt súkkulaði á milli kl. 15 og 16.15



Janúar

- 2. Skipulagsdagur – Leikskólinn lokaður
- 5. Hreyfidagur
- 8. Formlegt starf hefst að nýju eftir jólafrí
- 12. Vasaljósadagur (börnin koma með vasaljós að heiman og leika með í myrkrinu inni og úti)
- 15. Öskudagsbúningagerð hefst. Börnin koma með hvíta/ljósa boli eða skyrtur að heiman og útbúa sína Öskudagsbúninga.
- 19. Þorri hefst – Bóndadagur og þorrablót í leikskólanum

Febrúar

- 6. Skipulagsdagur – Leikskólinn lokaður. Dagur leikskólans
- 9. Hreyfidagur
- 12. Bolludagur
- 13. Sprengidagur
- 14. Öskudagur(búningaball í salnum)

Mars

- 1. Hreyfidagur
- 4. Foreldraviðtöl hefjast (Deildarstjórar auglýsa þegar nær dregur)
- 8. Listasmiðjudagur-Settar upp ólíkar listasmiðjur og börnin velja sér eftir áhuga hvað smiðju þau heimsækja
- 14. Dagur stærðfræðinnar – Talningadagur (teljum eitt og annað í leikskólanum)
- 21. mars Alþjóðadagur Downs heilkennis, allir koma í mislitum sokkum
- 27. **Gulur dagur** – Foreldrum boðið í morgunmat á milli kl. 8 og 9. Boðið verður upp á ristað brauð og kaffi - Börn og starfsfólk klæðast/skreyta sig einhverju gulu eða með gulu í og við leikum okkur með gula litinn

Apríl

- 12. Upplýsingtæknidagur – Leikið með upplýsingatækni á fjölbreyttan hátt
- 16.-19. Alþjóðavika
- 26. **Blár dagur** - Börn og starfsfólk klæðast/skreyta sig einhverju bláu eða með bláu í og við leikum okkur með bláa litinn

Mái

- 3. Hreyfidagur
- 14. Útskriftarferð elsta árgangs leikskólans (Birt með fyrirvara)
- 16. Alþjóðlegur dagur gegn fordómum í garð hinsegin fólks er 17. maí en þar sem þá er skipulagsdagur höldum við upp á hann þennan dag í staðinn – **Röndóttur dagur og regnbogagleði í leikskólanum** - Börn og starfsfólk klæðast/skreyta sig einhverju röndóttu eða með röndum í og við leikum okkur með liti regnbogans
- 17. Skipulagsdagur – Leikskólinn lokaður
- 31. Opið hús í leikskólanum á milli kl. 15 og 16.15

Júní

- 4. Formleg útskrift elstu barna kl. 15.30 (Birt með fyrirvara)
- 5. Alþjóðlegi umhverfisdagurinn – Tileinkum þennan dag endurvinnslu
- 7. Útihreyfidagur
- Sjóræningjahátíð – dagsetning ákveðin í samráði við foreldrafélag leikskólans

Sumarlokun 2024:

10.07. til og með 07.08.



Fylgiskjal 2 - Calendar for Nóaborg 2023-2024

September

1. Planning Day – School is closed
8. The day of reading (board- and card game day focusing on reading games)
11. The winter work formally starts
13. Parent meeting – Presentation of the winter work – Meeting for the Parent Association – Special needs teacher and speech therapist talk about speech development (In Icelandic)
15. Outdoor Sport Day
20. Presentation of the winter work for English speaking parents from 8.30 AM – 9 AM
22. **Green day** – Children and teachers wear something green or with green in it and we play with the color green.

October

Head of each class invite parents to meet them and talk about how the children are adjusting school and how they are doing.

2. Planning Day – School is closed
6. Sport Day
13. **Pink Day** - Children and teachers wear something pink or with pink in it and we play with the color pink.
20. Shape Day – We play with shapes in many different ways
27. International Teddy bear day – Pajama Day – dancing – the children can bring teddy bears from home to school
31. Halloween fun

November

3. Sport Day
16. Day of the Icelandic language
17. Relatives are invited to come and visit from 3PM-4PM. Grandparents or other family members can come, not more than 2-4 from each child. We offer coffee/juice and Icelandic kleinur.
24. Day of measure – We will measure different things in school

December

1. Planning Day – School is closed
4. The children in Sólbakki will bake gingerbread cookies
5. The children in Ólátagarður will bake gingerbread cookies
6. The children in Saltkráka will bake gingerbread cookies
7. The children in Skarkalagata will bake gingerbread cookies
13. The Birthday of Nóaborg
14. **Red Day** - Christmas lunch (smoked lamb) Children and teachers wear something red or with red in it and we play with the color red
20. Christmas ball in the school in the morning. Sólbakki and Ólátagarður will be together and Saltkráka and Skarkalagata after that.
20. Parents invited to come and have gingerbread cookies and hot chocolate between 3PM and 4.15PM



January

- 2. Planning Day – The school is closed.
- 5. Sport day
- 8. Formal group work starts again after the holidays
- 12. Flashlight Day (the children bring flashlights from home and play with them in the dark both inside and outside)
- 15. The children start to make their costumes for Ash Wednesday. The children bring a white/light T-shirt or a shirt from home and make their own costumes.
- 19. The old Icelandic month Þorri starts and we celebrate that in school. We have old traditional Icelandic food to taste for lunch.

February

- 6. Planning Day – The school is closed. This is the day of the Preschool in Iceland
- 9. Sport Day
- 12. Bun Day and we will have special buns in the afternoon refreshment
- 13. Shrove Tuesday and we have salted lamb and pea soup for lunch
- 14. Ash Wednesday – Costume party in school

Mars

- 1. Sport Day
- 4. Parent meetings start. The head of each class will let parents know when the date gets closer.
- 8. Art Day – We work with different kind of art around school and the children chose activities
- 2. The day of math. We will have a counting day and count different things in school.
- 21. mars The International Day of Down syndrome – we wear different socks on each foot
- 27. **Yellow Day** – Parents invited for breakfast between 8 and 9. Children and teachers wear something yellow or with yellow in it and we play with the color yellow.

April

- 12. IT-day (work with IT in different ways).
- 16.-19. International week
- 26. **Blue day** - Children and teachers wear something blue or with blue in it and we play with the color blue

Maí

- 3. Sport Day
- 14. The oldest children go on a graduation trip (The date could change)
- 16. International day against prejudice against the LGBTQ community is April 17th but because we have a Planning Day that day, we celebrate this day the 16th. **Stripe day in Nóaborg** - Children and teachers wear something with stripes and we play with the colors of the rainbow.
- 17. Planning Day – The school is closed
- 31. Open house for guests in Nóaborg from 3-4.15

Júní

- 4. The oldest children graduate formally (The date could change)
- 5. International Environment Day. We will focus on recycling.
- 7. Outdoor Sport Day
- Pirate festival – The date is planned with the parent association in Nóaborg

Summer holiday 2024:

10.07. to 07.08.



11 Fylgigögn

11.1 Fylgiskjal 1 – Skóladagatal Nóaborgar á íslensku

11.2 Fylgiskjal 2 – Skóladagatal Nóaborgar á ensku

11.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

11.4 Fylgiskjal 4 – Skóladagatal Excel-skjal

F. h. leikskólans Nóaborgar

Anna Margrét Ólafsdóttir

Leikskólastjóri

15.8.2023

Dagsetning



Fylgiskjal

Starfsáætlun 2023 – 2024
Leikskólinn Nóaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Finnborg Salóme Steinþórsdóttir

Halla Gunnarsdóttir

Martin Smedlund

Starkaður Barkarson



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð leikskólans Nóaborgar hefur yfirfarið starfsáætlun Nóaborgar 2023-2024 og veitir hér umsögn sbr. 2 mgr. 11.gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.

Foreldraráð þakkar starfsfólki og stjórnendateymi Nóaborgar fyrir alúð og vönduð viðbrögð leikskólans í gegnum það mikla umrót sem leikskólinn stóð í á síðastliðnu ári og uppbyggingu á faglegu starfi eftir að meira jafnvægi komst á leikskólastarfið á Nóaborg að nýju.

Starfsáætlunin er metnaðarfull og lýsir fagmennsku, krafti og umbótavilja. Umbótaáætlanir fyrir leikskólann í heild og minni einingar eru raunhæfar. Benda má á mjög jákvæðar umbætur til að styrkja samstarf við aðstandendur barnanna, s.s. aðstandendakynningu á ensku, vikulega kaffimorgna og stutt aðstandendaviðtöl í upphafi annar.



Foreldraráð fagnar því að sjá áherslur sem snúa að því að auka starfsánægju starfsfólks eftir krefjandi umrótatímabil á leikskólanum á síðastliðnu ári. Í þrígang þurfti að skipta um húsnæði í kjölfar þess að mygla fannst í Nóaborg og foreldraráð vill í þessu samhengi vekja athygli á þeim miklu áhrifum sem þetta rask hafði á börnin og starfsemi Nóaborgar. Ítrekað þurfti að skerða leikskólastarfið vegna manneklu og veikinda, auk þess sem flutningarnir leiddu til þess að börn þurftu að vera heima. Sumar vikur námu skerðingarnar allt að 30% af leikskólastarfinu. Aðlögun barna að leikskólanum og aðlögun barna milli deilda var erfið og mikils óöryggis gætti í barnahópnum. Skerðingar og rask á leikskólastarfi höfðu neikvæð áhrif á líðan og nám barna sem og tilfinnanleg áhrif á foreldra og forráðamenn barnanna á Nóaborg, sem þurftu að hverfa frá vinnu ítrekað.

Foreldraráð áréttar mikilvægi þess að leikskólinn fái allan nauðsynlegan stuðning frá Reykjavíkurborg til að byggja aftur upp starfsemi Nóaborgar, fyrir börn og starfsfólk. Nauðsynlegt er að koma að fullu til móts við það fjárhagslega tap sem og vinnutap í tíma starfsfólks sem leikskólinn hefur orðið fyrir vegna ónýts leik- og námsefnis, bókakosts og efniviðar fyrir skapandi starf.

Foreldraráð er hér eftir sem hingað til reiðubúið að styðja við stjórnendur og starfsmenn í stöðugri viðleitni til umbóta.

Foreldraráð samþykkir starfsáætlun Nóaborgar og óskar stjórnendateymi og starfsfólki góðs starfsárs.

Foreldraráð Nóaborgar, 28. ágúst 2023

Finnborg S. Steinþórsdóttir

Halla Gunnarsdóttir

Martin Smedlund

Starkaður Barkarson



